

SAMFÉLAGSFRUMKVÖÐLAR

HVAÐ: Námskeið um samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarf, 27 tímar í kennslustofu og 13 klst. heimanám. Námskeiðið byggir upp hæfni til að skapa sér ný atvinnutækifæri. Útgangspunktur námskeiðsins er “hvað get ég gert?” og “hvað get ég skapað?” með eigin þekkingu, hæfni, reynslu og styrkleikum, bæði til gagns fyrir sjálfan mig og samfélagið sem ég bý í.

Markmið námskeiðsins er að:

- Auka sjálfþekkingu, sjálfstrú og sjálfstraust þátttakenda til að verða frumkvöðlar;
- Auka færni til að kynast nærumhverfi og uppgötva þar áskoranir og ný tækifæri til nýsköpunar;
- Auka færni í að móta nýjar hugmyndir að nýsköpunarverkefnum;
- Auka þekkingu á frumkvöðlum og umhverfi til frumkvöðlastarfs;
- Auka getu til að greina fjármagnspörf verkefna, setja upp fjárhagsáætlun og vinna styrkumsóknir;
- Auka færni í teymisvinnu, hvernig nýta má ólíka styrkleika, taka ábyrgð og vinna undir álagi;
- Auka færni í tengslavinnu og miðlun, kynningu á viðskiptahugmynd og samstarfi við hagaðila.

Ekki er lögð áhersla á að allir þátttakendur þrói nýja viðskiptahugmynd heldur fá þeir tækifæri til að efla skapandi hugsun, sjálfstílltrú og færni í að taka þátt í og vinna saman að nýsköpun.

HVENÆR OG HVAR: Námskeiðið verður kennt hjá Hringsjá á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 9-12 auk heimavinnu milli tíma. Nemendahópar kynna verkefni sín í síðasta tímanum föstudaginn 10. júní. Farið verður í eftirfarandi þætti:

Mánudagurinn 23. maí. Kynning á námskeiðinu og markmiðum þess. Íkigai æfing „að finna sinn tilgang og stað í veröldinni“. Skipt í hópa og rætt um styrkleika innan hópsins. Heimavinna: skoða kennslumyndbönd og viðtöl fyrir næsta tíma.

Miðvikudagurinn 25. maí. Hvað er samfélagsleg nýsköpun og frumkvöðlastarf? Vinna með heimsmarkmiðin, kynning á hönnunarhugsun (Design Thinking) og fyrsta skrefi í þróun hugmynda - Samkennd (að setja sig í spor notanda). Heimavinna: taka viðtöl og vinna grunn að samkenndarkorti.

Föstudagurinn 27. maí. Teknar saman niðurstöður hópa í samkenndarkort. Kynning á skrefi 2 í þróun hugmynda - Þarfir (hvaða þarfir hefur notandinn of af hverju). Sett fram skilgreining á samfélagslega viðfangsefninu sem á að leysa. Heimavinna: Horfa á kynningu, undirbúa skref 3 - Hugmyndir.

Mánudagurinn 30. maí. Hugstormun um hugmyndir sem gætu passað til að leysa viðfangsefnið. Fjórða skrefið (hugmyndir mótaðar). Ein til tvær hugmyndir þróaðar áfram í frumgerð (skissuvinna) - grunnviðskiptahugmynd að samfélagslegri nýsköpun. Heimavinna: Kynning á “Canvas” viðskiptalíkani.

Miðvikudagurinn 1. júní. Hagaðilagreining fyrir frumgerð (hugmyndir að lausn) unnar. Yfirferð yfir “Canvas” viðskiptalíkani sem leið til að þróa áfram viðskiptahugmynd. Ávinningur notenda af hugmynd. Heimavinna: Vinna áfram með ávinning, skoða glærur um rekstrarform fyrirtækja.

Föstudagurinn 3. júní. Fjármögnun, rekstrarform og styrkir. Samantekt um ólík rekstrarform og tækifæri til styrkja. Unnið áfram með Canvas líkanið. Heimavinna fjármögnunarleiðir/styrkir.

Miðvikudagur 8. Júní Vinna áfram að þróun Canvas viðskiptalíkans, Hvers konar lausn er um að ræða,? Hvernig raungeri ég hana (aðgerðir)?, hvað má hún kosta?, hvaða auðlindir þarf ég (fólk, fjármagn).

Föstudagurinn 10. júní. Kynningar nemenda og endurgjöf, virk þátttaka allra og aðkoma hagaðila.

HVERJIR STANDA AÐ SAMFÉLAGSFRUMKVÖÐLUM? María Kristín Gylfadóttir og Stefanía Kristinsdóttir eru höfundar og leiðbeinendur á námskeiðinu. María hefur margra ára reynslu af vinnu með frumkvöðlum, þróun námskeiða, kennslu og umsóknaskrifum í samkeppnissjóði. Stefanía G. Kristinsdóttir er eigandi Einurðar sem vinnur verkefni tengd menntun, og samfélagsþróun og er doktorsnemi í samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi við Háskóla Íslands.